

L Ö G

um breyting á læknaþingarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans læknishjálp á fjarlægum miðum. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51
10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Frá og með gjaldárinu 1966 er skylt að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1965, svo og þrepin í útsvarsstiga þeim, sem um ræðir í 3. gr. sömu laga, í samræmi við skattvísitölu, samkvæmt 53. gr. laga nr. 90 frá 1965.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.